

**571. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 8.
apríl 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 571 lögmætan.

Dagskrá:

1. Vinnuskóli 2021 - 2103144

Tillaga frá íprótta- og tómstundafulltrúa að fyrirkomulagi Vinnuskóla 2021.

Sveitarstjórn samþykkir að skipulag Vinnuskóla 2021 verði samkvæmt minnisblaðinu og unnið verði samkvæmt plani B sem gerir ráð fyrir því að nemendur séu við störf fjóra daga vikunnar fram í miðjan ágúst.

2. Strandgata 11 - 2103070

Erindi dags. 10.03.2021 þar sem tilboð er gert í Strandgötu 11.

Erindinu er hafnað.

3. Fundartími sveitarstjórnar í maí 2021 - 2104001

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 05.04.2021 þar sem lagt er til að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í maí verði haldinn miðvikudaginn 12.05.2021 og hefjist kl. 18:00.

Sveitarstjórn samþykkir að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í maí verði haldinn miðvikudaginn 12.05.2021 og hefjist kl. 18:00.

4. Byggaðakvóti 2020-2021 - 2009245

Auglýsing frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu nr. 271/2021 dags. 15.03.2021 þar sem m.a. er gert grein fyrir sérreglum fyrir Tálknafjarðarhrepp vegna úthlutunar byggðakvóta.

Lagt fram til kynningar.

Það vekur furðu að ráðherra skuli einungis fara að hluta eftir tillögum sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps um sérreglur um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2020/2021 og ekki sé farið eftir tillögu um niðurfellingu á vinnsluskyldu. Með þessu virðir ráðherra sjálfsákvörðunarrétt Tálknafjarðarhrepps að vettugi og hunsar einróma ákvörðun sveitarstjórnar.

5. Ísland ljóstengt 2021 - 2102639

Umsóknir Tálknafjarðarhrepps dags. 04.03.2021 vegna B hluta verkefnisins Ísland

ljóstengt 2021 lagðar fram. Jafnframt er lögð fram auglýsing Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 12.03.2021 þar sem kemur fram að Tálknafjarðarhreppi býðst styrkur að upphæð kr. 2.200.000,- vegna verkefnisins ásamt staðfestingu þess efnis dags. 16.03.2021.

Lagt fram.

6. Umsögn um auglýsta tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026U - 2103072

Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 09.03.2021 varðandi umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Lagt fram.

7. Áskorun um endurákvörðun álagningar stöðuleyfisgjalda - 2103110

Bréf frá Samtökum iðnaðarins dags. 15.03.2021 þar sem skorað er á sveitarfélög að endurákværða álagningu stöðuleyfisgjalda.

Lagt fram.

8. Áskorun stjórnar SASV til Samgönguráðherra og samgöngunefndar Alþingis. - 2103119

Erindi Samtaka atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum dags. 16.03.2021 þar sem skorað er á Samgönguráðherra og samgöngunefndar Alþingis að tryggja framtíð ferjusiglinga fyrir Breiðafjörð.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir áskorun SASV.

9. Ályktun stjórnar Vestfjarðastofu um samgöngur - 2103134

Ályktun stjórnar Vestfjarðastofu dags. 15.03.2021 vegna stöðu samgangna á sunnanverðum Vestfjörðum.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir ályktun stjórnar Vestfjarðarstofu um stöðu samgangna á sunnanverðum Vestfjörðum.

10. Landsþing boðun XXXVI. landsþings sambandsins - 2101550

Erindi frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga dags. 17.03.2021 þar sem greint er frá því að landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem átti að fara fram fram 26.03.2021 hafi verið frestað fram í maí 2021. Kemur fram að ný dagsetning verði send út um leið og hún hefur verið staðfest.

Lagt fram.

11. Landmælingar Íslands. Ársskýrsla 2020 - 2103162

Ársskýrsla Landmælinga Íslands fyrir árið 2020, sem er dagsett í mars 2021.

Lagt fram.

12. Reikningsskila- og upplýsinganefnd - 2103142

Tilkynning frá reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga dags. 18.03.2021. Þar kemur fram að þar sem yfirferð er ekki lokið varðandi tillögugerð til samræmingar á hugtakanotkun í lögum og reglugerðum varðandi samantekin reikningsskil sveitarfélaga annars vegar og samstæðureikningsskil hins vegar, líti

nefndin svo á að sveitarfélög geti beitt sambærilegum reikningsskila- og matsaðferðum og undanfarin ár þar til veittar verða leiðbeiningar um annað.

Lagt fram.

13. Til umsagnar frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.) - 2104002

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 27.03.2021 þar sem frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 622. mál, er sent til umsagnar frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Lagt fram.

14. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

Lagt fram.

15. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Fundargerðir svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum frá 1. fundi sem fór fram 01.04.2019, 2. fundi sem fór fram 11.09.2019, 3. fundi sem fór fram 03.03.2020 og 4. fundi sem fór fram 24.06.2020.

Fundargerðir lagðar fram.

16. Fundargerðir 2021 Samgöngunefndar - 2103096

Fundargerð stækkaðrar samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem fór fram 01.03.2021.

Fundargerð lögð fram.

17. Fundargerðir 2021 Vestfjarðastofu - 2102683

Fundargerð 34. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu sem fór fram 24.02.2021. Í fundargerðinni kemur m.a. fram að vorþing fari fram í Reykhólahreppi fimmtudaginn 29.04.2021.

Fundargerð lögð fram.

18. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560

Fundargerð 433. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 19.03.2021.

Fundargerð lögð fram.

19. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594

Fundargerð 896. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 26.03.2021.

Fundargerð lögð fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:20.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)
